

Ár 2013, fimmtudaginn 26. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör sérstaks saksóknara

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Um embætti sérstaks saksóknara gilda lög nr. 135/2008 með síðari breytingum. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga skipar innanríkisráðherra sérstakan saksóknara og skal hann veita embættinu forstöðu og ráða annað starfsfólk. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

II.

Með bréfi dagsettu 13. febrúar 2013 óskaði sérstakur saksóknari eftir endurskoðun launakjara sinna. Í bréfinu er rakinn aðdragandi stofnunar embættis sérstaks saksóknara í upphafi árs 2009 og þær áætlanir sem lagt var upp með varðandi fjölda starfsmanna og málafjölda. Kemur meðal annars fram að í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara hafi verið gert ráð fyrir að starfsmenn yrðu fyrst í stað fimm talsins og yrðu í árslok 2009 orðnir tíu. Í bréfinu segir að umfang embættisins hafi hins vegar vaxið mjög hratt.

Í bréfi sérstaks saksóknara segir að í fyrsta lagi hafi tilteknar lagabreytingar aukið umfang starfs sérstaks saksóknara. Með lögum nr. 80/2009 hafi 2. gr. laga nr. 135/2008 um embættið verið breytt þannig að þrír sjálfstæðir saksóknarar hafi verið skipaðir við embættið og hafi sérstakur saksóknari tilteknar skyldur vegna þeirra. Með lögum nr. 52/2010 hafi lögum um embættið aftur verið breytt þannig að embættið rannsakar öll mál þar sem grunur er um refsiverða háttsemi sem tengist starfsemi fjármálafyrirtækja og fylgir rannsókn eftir atvikum eftir með saksókn. Með þeirri breytingu hafi málafjöldi embættisins aukist þar sem verkefni þess hafi ekki lengur verið afmörkuð við bankahrúnið haustið 2008. Loks hafi verið gerð breyting á starfsemi embættisins með lögum nr. 82/2011 þegar öll verkefni efnahagsbrota-deildar ríkislögreglustjóra voru færð til embættis sérstaks saksóknara.

Þá kemur fram í bréfinu að í öðru lagi liggi fyrir minnisblað dómsmálaráðuneytis frá maí 2010 þar sem fram komi tillögur um að ljúka sem mestu af verkefnum sérstaks saksóknara fyrir árslok 2014. Ríkisstjórn hafi fallist á þessar tillögur og aukið verulega fjárveitingar til embættisins til þess að efla starfsemina. Í þriðja lagi hafi embættið vaxið mjög hratt á stuttum tíma eða frá alls sex starfsmönnum upp í 110 starfsmenn sem sé fimmfalt fleiri starfsmenn en ráð hafi verið fyrir gert í áætlunum um mannahald. Tvívegis hafi þurft að flytja embættið þar sem eldra húsnæði hafi ekki rúmað starfsemina. Í fjórða lagi vinni embættið við mjög umfangsmiklar rannsóknir á sviði efnahagsbrota en viðamestu rannsóknirnar varði mál tengd bankahrúninu haustið 2008. Málafjöldinn hafi verið langt umfram áætlanir. Málsmeðferð hafi reynst flókin bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Með sameiningu efnahagsbrota-deildarinnar og embættis sérstaks saksóknara þann 1. september 2011 hafi fjöldi mála færst yfir til embættisins eða um 90 mál. Fyrir hafi um 100 mál verið til meðferðar. Í bréfi sínu óskar sérstakur saksóknari eftir að endurskoðun launa hans taki gildi 1. september 2011 en á þeim degi hafi síðastgreind lagabreyting tekið gildi með sameiningu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans við embætti sérstaks saksóknara.

Með bréfum dagsettum 21. febrúar 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 6. mars 2013. Í bréfinu segir að fjármála- og efnahagsráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi embættis sérstaks saksóknara hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstöðumannsins þann 3. apríl 2009, að öðru leyti en fram komi í bréfi sérstaks saksóknara.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 4. apríl 2013. Í bréfinu er tekið undir ósk um endurskoðun launakjara enda hafi embættið vaxið að umfangi, umfram það sem gert var ráð fyrir í upphaflegu mati kjararáðs. Verkefnum hafi fjölgað mikið og starfsmönnum einnig. Þá segir í bréfinu að þó ekki verði séð að eðli þeirra verkefna sem komi inn til embættis sérstaks saksóknara hafi breyst megi ætla að umfang starfsins hafi vaxið töluvert með auknum fjölda verkefna og starfsmanna.

Með bréfi dagsettu 9. apríl 2013 fékk sérstakur saksóknari send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og innanríkisráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi sérstaks saksóknara dagsettu 12. apríl 2013 er gerð ítarlegri grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum nr. 135/2008 og þeim áhrifum sem þær hafa fyrir starfsemi og verkefni embættisins. Segir jafnframt í bréfinu að fá dæmi sé að finna um stofnun sem gegnið hafi í gegnum eins miklar breytingar og vaxið jafn hratt á stuttum tíma. Þessi samfellda breytingastjórnun hafi kallað á verulega virkni forstöðumanns embættisins og að öll ákvarðanatöku sé skilvirk. Beiðni um endurskoðun launakjara er því ítrekuð.

III.

Eins og fram hefur komið gilda lög nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara. Upphaflega voru verkefni embættisins afmörkuð við rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármagnsmarkaði, nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengdist starfsemi fjármála-fyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga. Þá skyldi embættið eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Með lögum nr. 52/2010 og nr. 82/2011 var verksvið embættisins skilgreint með skýrari hætti þannig að nú sinnir það rannsókn og eftir atvikum saksókn í málum tengdum starfsemi fjármálafyrirtækja án tillits til þess hvort fyrirtækin tengist þeim atburðum sem leiddu til setningar laga nr. 125/2008. Einnig hafa verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verið færð til embættisins.

Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við framangreindar stofnanir. Er þeim skylt að veita honum upplýsingar um stöðu annarra mála en að framan greinir. Með lögum nr. 25/2009 voru heimildir embættisins til að kalla eftir upplýsingum og gögnum auknar, svo og skylda til að láta honum þær í té. Er fyrrnefndum stofnunum, svo og skilaneftendum og öðrum sem vinna að greiðslustöðvun gert skylt að láta í té upplýsingar. Sama skylda hvílir á fjármála-fyrirtækjum sem stofnuð voru um hluta af rekstri fjármálafyrirtækja á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga. Skylt er að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um gögn, óháð þagnarskyldu.

Í 2. gr. laganna segir að innanríkisráðherra skipi sérstakan saksóknara og skuli hann veita forstöðu rannsóknar- og saksóknaraembætti. Þá skipar ráðherra þrjá sjálfstæða saksóknara við

embættið. Sérstakur saksóknari og saksóknarar við embætti hans skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Sérstakur saksóknari hefur umsjón með störfum annarra saksóknara við embættið og gætir samræmis í störfum þeirra. Hann getur þegar sérstaklega stendur á tekið í sínar hendur mál sem hann hefur úthlutað saksóknara til meðferðar eða falið öðrum saksóknara að fara með það.

Sérstakur saksóknari ræður annað starfsfólk embættisins en saksóknara. Skipun hins sérstaka saksóknara fellur niður þegar embættið er lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun. Hann hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra og ákærvald samkvæmt 2. gr. laganna. Ríkissaksóknari leysir úr ágreiningi sem kann að rísa um valdsvið hins sérstaka saksóknara. Í 3. gr. laganna segir að hinn sérstaki saksóknari skuli birta upplýsingar um fjárhagsleg málefni sín og fjölskyldu sinnar og skulu upplýsingar miðast við síðustu fimm ár fyrir gildistöku laganna. Í 4. gr. segir að hinn sérstaki saksóknari geti leitað til sérfróðra aðila, innlendra og erlendra eftir því sem þurfa þykir. Í 7. gr. laganna segir að innanríkisráðherra geti eftir 1. janúar 2013 lagt til við Alþingi, að fengnu álitum ríkissaksóknara, að embættið verði lagt niður.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Embætti sérstaks saksóknara tók til starfa 1. febrúar 2009 og ákvað kjararáð sérstökum saksóknara laun hinn 4. apríl 2009. Við þá ákvörðun var tekið mið af heildarlaunum ríkissaksóknara eins og þau voru á þeim tíma að teknu tilliti til stjórnskipulegrar stöðu sérstaks saksóknara og mikils álags sem vænta mátti að fylgdi starfinu. Umfang og verkefni embættisins hafa aukist verulega frá því það tók til starfa og gefur það tilefni til breytinga á launum sérstaks saksóknara. Þær breytingar sem síðast voru gerðar á lögum um starfsemi embættisins og eru meðal annars tilefni þessara launabreytinga tóku gildi 1. september 2011. Kjararáð telur því rétt að launabreytingin gildi frá sama tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun sérstaks saksóknara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. september 2011 skulu mánaðarlaun sérstaks saksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 873.992 krónur.

Frá 1. september til 30. september 2011 skal að auki skal greiða honum 26 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126 eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða honum 46 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur .

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör sérstaks saksóknara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson